

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn í Aðaldal, Suður-Píngeyjarsýslu, Píngeyjarprófastsdæmi.

### 1. gr.

- Stofnunin heitir Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir.
- Stofnunin yfirtók og eignaðist eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt gjafaafsali dagsett 23. mars 1992.
- Eignir þessar voru afhentar skuldlausar og án allra kvaða.
- Stofnfé stofnunarinnar var það húsnæði sem eigninni fylgdi.

### 2. gr.

- Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið.
- Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

### 3. gr.

- Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana, svo og tekjur af eigin starfsemi.

### 4. gr.

- Í stjórn stofnunarinnar eru 3 menn og 3 til vara.
- Héraðsfundur Píngeyjarprófastsdæmis kýs einn stjórnarmann og einn til vara. Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis kýs einn stjórnarmann og einn til vara. Kirkjuráð skipar einn stjórnarmann og einn til vara.
- Héraðsfundur Píngeyjarprófastsdæmis kýs einn skoðunarmann reikninga og einn til vara.
- Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis kýs einn skoðunarmann reikninga og einn til vara.
- Kjörtímabil stjórnar og skoðunarmanna eru tvö ár, og heimilt er að endurkjósa sama einstaklinginn eins oft og vilji er til.
- Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
- Eftir fyrsta árið skal einn stjórnarmaður dreginn úr á fyrsta fundi nýbyrjaðs árs, og skal þá viðkomandi héraðsfundur eða kirkjuráð kjósa sér stjórnarmann og varamann hans til setu næstu tvö ár. Þannig er kosið um einn stjórnarmann og varamann hans annað hvort ár og tvo stjórnarmenn og varamenn þeirra hitt árið.

### 5. gr.

- Stjórnin annast rekstur og uppbyggingu Kirkjumiðstöðvarinnar.
- Heimilt er stjórninni að ráða sér framkvæmdastjóra, ef þurfa þykir og starfar hann þá undir stjórn og á ábyrgð hennar.
- Stjórnin skal árlega skila ársskýrslu, sem lögð skal fyrir héraðsfundi Píngeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, svo og fyrir kirkjuráð.
- Með ársskýrslunni skulu fylgja skoðaðir og áritaðir ársreikningar, svo og rekstrar- og framkvæmdaáætlun.
- Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

6. gr.

■Núverandi framkvæmdarstjóri skal kalla saman í fyrsta sinn hina nýskipuðu stjórn, eins fljótt og unnt reynist, eftir að þessi skipulagsskrá hefur tekið gildi.

7. gr.

■Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skal biskup Íslands ásamt próföstum Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma sjá svo um, að landið (og þær byggingar sem þar standa) verði afhent landeigendum í Fagranesi og Fagraneskoti, en þeir gáfu ÆSK (Æskulýðssambandi kirkjunnar í Hólastifti) landið árið 1962.

8. gr.

■Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn skal halda gjörðabók þar sem allar ákvarðanir hennar eru færðar svo og framlög aðila.

9. gr.

■Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki kirkjuráðs og héraðsfunda Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, og með staðfestingu kirkjuþings.

10. gr.

■Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn, sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 30. júlí 1993.

11. gr.

■Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

---

Skipulagsskrá þessi var staðfestist samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988 í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. maí 2002, sbr. Stjórnartíðindi, B-deild nr. 384/2002.